

## Stjórnarfundur STEFs 10. mars 2026 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn mánudaginn 10. mars 2026 kl. 10:00 á Laufásvegi 40.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Sóley Stefánsdóttir og Halldór Smáráson, sem tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 26. janúar og útdráttur voru lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum til 26. janúar lagt fram.

Undir þessum lið var m.a. rætt um faghátíðir (e. showcase festivals) og gagnsemi þeirra.

Þá var rætt um framkvæmd Íslensku tónlistarverðlaunanna og þá sérstaklega valið á „vinsælustu tónlistinni“, sem síðan verður kosið um.

Ákveðið var að STEF myndi senda inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda vegna hækkunar á refsiramma höfundarlaga og taka undir þau atriði sem fram koma í þeim drögum að frumvarpi sem þar eru birt.

Stjórn var mjög jákvæð gagnvart samstarfinu við *66° Norður* og taldi að sú leið sem fyrirtækið er að hugleiða varðandi tónlist í auglýsingar þeirra á samfélagsmiðlum gæti verið fordæmisgefandi fyrir aðra.

Stjórn var einnig jákvæð gagnvart samstarfi við *Vetur Music*, sem er nýr útgefandi, forleggjari og umboðsmaður á Íslandi, en fyrirtækið hefur óskað eftir tiltekinni tengingu við skráningarkerfi STEFs.

3. Innleiðing á hækkun verðskrár SFH.

Lögð var fram ný tillaga að innleiðingarfasa á hækkun *SFH* í framhaldi af fundi með félaginu. Nýja tillagan gerir ráð fyrir innleiðingu á þremur árum í stað fjórum áður, þó með ákveðnum undantekningum. Sama dag og stjórnarfundurinn var haldinn, barst svar frá SFH um að þessi innleiðingartillaga hafi verið samþykkt af stjórn SFH. Stjórn STEFs samþykkir þetta einnig, en vill þó að SFH verði tilkynnt um þann fyrirvara, að staðan verði tekin eftir að innleiðing þessi hefur hafist í haust og ef í ljós kemur að þetta er ekki að ganga sem skyldi, þá verði hægt að endurskoða málið og hraða innleiðingunni.

4. Breytingar á samþykktum STEFs.

Lagðar eru fram tillögur til breytinga á samþykktum STEFs í samræmi við umræður á síðasta stjórnarfundum. Annars vegar er um að ræða breytingu á þá leið að mælt er fyrir um að kosningar til fulltrúaráðs skulu vera rafrænar, þó með þeirri undantekningu að stjórn geti mælt fyrir um annað. Með slíku er einnig hægt að hefja undirbúning kosninga um mánuði síðar og að stytta þann tíma sem að kosningin stendur yfir. Þá er í annan stað um að ræða breytingu á lengd kjörtímabils

fulltrúaráðs, stjórnar, formanns stjórnar og formanns fulltrúaráðs, þannig að kjörtímabilið verði þrjú ár í stað tveggja ára. Ákvað stjórnin að leggja þessar tillögur fyrir næsta aðalfund fulltrúaráðs STEFs.

5. Úthlutun tekna frá kirkjunni.

Lagt var fram minnisblað frá framkvæmdarstjóra í framhaldi af tveimur fundum STEFs með nýjum söngmálastjóra og endurmenntunarstjóra kirkjunnar. Í minnisblaðinu er lögð til ný nálgun á úthlutun á tekjum sem berast STEFi í gegnum samning samtakanna við kirkjuna. Helsta breytingin er að upplýsingar um flutning tónlistar í kirkjum landsins í hefðbundnum messum og guðþjónustum eru orðnar mun betri en áður. Í minnisblaðinu er síðan lögð fram ákveðin aðferðarfræði við að skipta tekjum niður á flutning tónlistar í hefðbundnum messum, í brúðkaupum og skírnum og síðan í útförum. Var þetta samþykkt af stjórn og verður þessu nýja verklagi fylgt við næstu úthlutun STEFs.

6. Verðskrá fyrir gusur – tillögur að breytingum.

Eftir fund með *Félagi gusumeistara*, þar sem félaginu voru kynntar hugmyndir STEFs að verðskrá fyrir gusur, var ljóst að nauðsynlegt væri að endurhugsa uppbyggingu verðskrárinnar. Á fundinn var lagt fram minnisblað með hugmyndum um nýja verðskrá, sem tekur mið af stærð gufubaðanna (fjölda sæta). Var þessi tillaga samþykkt og verður hún kynnt Félagi gusumeistara fljótlega.

7. Fulltrúaráðskosning undirbúningur.

Undirbúningur fyrir kosningarnar ganga vel. Búið er að senda út tvö fjölpósta svo og frétt á samfélagsmiðlum, þar sem kosningarnar voru auglýstar og um leið auglýst eftir framboðum. 34 framboð bárust fyrir frest í þau 19 sæti sem kosið er um og verður að þakka þann mikla áhuga á starfi STEFs sem meðlimir sýna með þessum framboðum. Búið er að opna síðu á heimasíðu STEFs með kynningarupplýsingum á öllum frambjóðendum. Gert er ráð fyrir að rafræn kosning hefjist síðar í vikunni í samræmi við áætlun.

Nokkur umræða skapaðist um kjörskrá STEFs og það lágmark sem þarf að uppfylla til að komast á kjörskrá, þ.e.a.s. að úthlutun til viðkomandi skuli hafa náð kr. 125 þúsundum samtals síðustu þrjú ár. Óskað var eftir að fá greiningu á því hversu margir innan aðildarfélaganna og utan féлага uppfylla þessi viðmið. Verður umræðu um þetta haldið áfram á næsta stjórnarfundum í framhaldinu.

8. Reglur um ferðakostnað í ferðum á vegum STEFs

Lögð voru fram drög að reglum um ferðakostnað í ferðum á vegum STEFs, en hingað til hafa ekki verið til neinar skriflegar reglur, þótt að sjálfsögðu hafi verið fylgt ákveðnu verklagi. Er ætlunin sú að reglur þessar nái bæði til starfsfólks og stjórnarmanna. Reglurnar taka m.a. á greiðslu dagpeninga, bókun hótela, ferða til og frá flugvelli sem og innan svæðis, svo og hvíldar eftir ferðir. Drögin hafa verið kynnt starfsfólki STEFs og hafa engar athugasemdir borist. Voru reglurnar samþykktar óbreyttar.

9. Heiðursmerki STEFs

Ákveðið var að veita KK heiðursmerki STEFs á 70 ára afmælistónleikum hans síðar í mánuðinum.

10. Notkun tónlistar í auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Framkvæmdastjóri hafði samband við ÍMARK varðandi samstarf um kynningu á notkun tónlistar í auglýsingum og þá sérstaklega á samfélagsmiðlum. Fyrirsvarsmenn ÍMARK sögðust þá vera að undirbúa ÍMARK-daginn, en til greina kæmi að skoða samstarf síðar á árinu.

Þá var skrifstofan einnig í sambandi við auglýsingastofuna *Hvíta húsið* til að ræða þessi mál og er fyrirhugað að halda kynningu fyrir starfsfólk þar.

11. Önnur mál.

Rætt var um tengingu milli gagnagrunna SFH og STEFs varðandi ISRC-kóða á verk STEFs, en það verkefni er í vinnslu. Þá var einnig rætt um frekari viðbætur við *Mínar síður* og hvort hægt væri að auðvelda samskipti meðlima við skrifstofu STEFs varðandi rangar eða ófullnægjandi skráningar á Mínum síðum. Að lokum var rætt um þjónustukönnun STEFs, sem lögð hefur verið fyrir meðlimi STEFs á tveggja ára fresti og hvaða atriði rétt væri að leggja áherslu á í könnuninni að þessu sinni.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi var slitið kl. 12:45.